# Mat á stjórnun Núps vor 2023

## Framkvæmd

Á vorönn 2023 var stjórnun Núps metin. Allt starfsfólk fékk spurningalista með 13 spurningum sem það svaraði nafnlaust. Listinn var unninn upp úr viðmiðum í handbók um innra mat leikskóla. 28 svör bárust.

Samantekt niðurstaðna má sjá hér

| Matsþáttur | A | B | C | D | Veit ekki /á ekki við | Samtals | Meðaltal | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnendur miðla upplýsingum um daglega viðburði á morgunfundum eða gegnum deildarstjóra | 20 | 5 | 2 | | 1 | 27 | 9,2 | |
| Stjórnendur gefa út skóladagatal og fundardagskrá með góðum fyrirvara | 22 | 2 | 1 | | 3 | 25 | 9,6 | |
| Stjórnendur eru mér innan handar og veita mér ráðgjöf um faleg málefni | 18 | 5 | 3 | | 2 | 26 | 8,9 | |
| Stjórnendur koma fundargerðum til mín tímanlega og tryggja að mikilvægar upplýsingar komi fram í þeim | 21 | 4 | 1 | | 2 | 26 | 9,4 | |
| Stjórnendur eru sveigjanlegir og sýna mér skilning og sanngirni | 18 | 6 | 4 | | | 28 | 8,8 | |
| Það er gott að leita til stjórnenda og ég get treyst þeim | 19 | 4 | 5 | | | 28 | 8,8 | |
| Stjórnendur gera sitt besta til að koma til móts við óskir mínar | 19 | 5 | 3 | | | 27 | 9,0 | |
| Stjórnendur taka á erfiðum málum sem upp koma af festu og sanngirni | 10 | 6 | 6 | 2 | 4 | 24 | 7,5 | |
| Stjórnendur tryggja að skólanámsskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir endurspegli skólastarfið og að starfsfólk fái tækifæri til að hafa áhrif á þær | 14 | 7 | 2 | | 5 | 23 | 8,8 | |
| Eg fæ árleg starfsþróunarsamtöl | 15 | 6 | | 2 | 5 | 23 | 8,7 | |
| Eg get óskað eftir auka samtali ef á þarf að halda | 19 | 3 | 3 | | 3 | 25 | 9,1 | |
| Stjórnendur hvetja mig til símenntunar | 12 | 6 | 1 | 2 | 7 | 21 | 8,3 | |
| Stjórnendur sjá til þess að innra mat sé framkvæmt | 17 | 7 | 1 | | 3 | 25 | 9,1 | |

**A= Frábært, á nánast alltaf við- Einkunn 10.**
**B= Gott, á oftast við - einkunn 7,5**
**C= Ágætt, á oft við en í sumum tilfellum gæti þetta verið betra- einkunn 5**
**D= Óviðunandi, Þetta þarf að bæta- einkunn 2,5**

## Niðurstöður

Þessi könnun gefur til kynna að almennt sé nokkur ánægja með stjórnunina meðal starfsfólks Núps.  Allir þætti ná yfir 8 í meðaleinkun nema einn, þátturinn að stjórnendur taki á erfiðum málum af festu og sanngirni.  Allar spuringar sem koma að upplýsingagjöf fá mjög háa einkun.

Tveir þættir fá góða meðaleinkun en einstök svör gefa til kynna óánægju einstaklinga með þá þætti. Annars vegar þegar kemur að hvatningu til símenntuna og hinsvegar þegar kemur að starfsþróunarsamtölum.  Á liðnu skólaári fékk stór meirihuti starfsmanna samtal, en vegna veikinda og annarra forfalla náðist því miður ekki að veita alveg öllum samtal.

## Umbætur

Niðurstöður gefa lítið tilefni til umbóta. Þó má alltaf gera betur og eftirraldar umbætur verður ráðist í á grundvelli matsins

- Skýra verkferla í erfiðum málum og leitast við að fylgja þeim
- Halda áfram að senda starfsmönnum tölvupósta um námskeið sem eru í boði en prenta upplýsingar um þau líka út og hengja upp á kaffistofu.
- Halda skrá yfir alla símenntun starfsmanna á einum stað
- Hefja starfsþróunarsamtöl tímanlega svo hægt sé að bregðast við óvæntum uppákomum.

Júní 2023

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir tók saman